

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31  
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

## RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson  
Þróunarfulltrúi grunnskóla  
vigfus@hafnarfjordur.is

## MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á [vigfus@hafnarfjordur.is](mailto:vigfus@hafnarfjordur.is). Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

## DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR  
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.  
[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)
- Engidalsskóli.  
[www.engidalsskoli.is](http://www.engidalsskoli.is)
- Hraunvallaskóli.  
[www.hraunvallaskoli.is](http://www.hraunvallaskoli.is)
- Hvaleyrarskóli.  
[www.hvaleyrarskoli.is](http://www.hvaleyrarskoli.is)
- Lækjarskóli.  
[www.laekjarskoli.is](http://www.laekjarskoli.is)
- Setbergsskóli.  
[www.setbergsskoli.is](http://www.setbergsskoli.is)
- Víðistaðaskóli.  
[www.vidistadaskoli.is](http://www.vidistadaskoli.is)
- Öldutúnsskóli.  
[www.oldutunsskoli.is](http://www.oldutunsskoli.is)
- Barnaskóli Hjallastefnunnar  
[www.hjalli.is/bsk7610](http://www.hjalli.is/bsk7610)

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐAR

## Skólavefritið

6. ÁRGANGUR, 23. TBL.

19. FEBRÚAR 2010

## Innritun í framhaldsskóla tvískipt í vor

Það urðu talsverðar breytingar á lögum um skilgrunn- og framhaldsskóla við síðustu lagasetningu, m.a. voru lögð niður samræmd próf í 10. bekk. Það má því búast við að á næstu árum þróist samstarf á milli grunn- og framhaldsskóla til að gera þessi skil sem skilvirkust og tryggja sem mesta samfellu í starfi skólastiganna.

Þær breytingar verða þá á innritun í framhaldsskóla í vor að ferlið verður tvíþætt. Fyrst verður forinnritun 12.-16. apríl þar sem nemendur velja um tvo skóla, aðalskóla og einn til vara. Þegar útskrift nemenda er lokið í vor geta nemendur endurskoðað val sitt dagana 7.-11. júní. Fljótlega í framhaldi af því

ætti að verða ljóst með skólastvist flestra nemenda. Sú breyting verður jafnframt í ár að allir framhaldsskólar eru gerðir að hverfisskóla á þann hátt að nemendur sem búa í nágrenni framhaldsskóla hafa forgang (upp að 45% inntökuhópsins) að því gefnu að þeir standist inntökuskilyrði. Nemendur þurfa ekki að velja að hverfisskólann sinn en ef hann er ekki valinn annar tveggja skóla

getur ákveðin áhætta skapast. Þeir nemendur sem fá hvorki fyrsta eða annað val fá skólastvist með milligöngu ráðuneytis.

Í vikunni var haldinn samráðsfundur skólastjórnenda grunnskólanna í bænum og fulltrúa Flensborgarskóla. Þar fór fram umræða um áhrif þessara breytinga á útskrift nemenda í 10. bekk og upplýsingagjöf skólastiganna.



## Ljóðin í bænum: ljóðaverkefni 6. bekkinga



## Skólaþróun

Skólaskrifstofan hefur nú sent í alla grunnskóla ljóðamöppu fyrir hvern 6. bekk. Í hana er nemendum 6. bekkja boðið að setja frumsamin ljóð sem þau hafa samið. Engar skilyrði eða þemu eru við ljóðaskrifin annað en það að ljóð sé frumsamið af þeim sjálfum.

Markmiðið með þessu verkefni er að hvetja nemendur til skapandi skrifa sem formgerist í ljóði. Skólaskrifstofan kemur ljóðamöppum bekkja



á framfæri við bæjarbúa á Björtum dögum í byrjun sumars. Það gerist með því að möppunum er dreift á stofnanir og fyrirtæki í miðbæ Hafnarfjarðar þar sem gestir og gangandi geta lesið ljóðin. Eftir Bjarta daga eru ljóðin endursend í skólana. Ljóðin mega hvort heldur vera handskrifuð eða tölvuskráð.

Með þessu ljóðaverkefni vill Skólaskrifstofan styðja við skólastarf með því að veita skólunum aðgang að verkefnum sem geta verið nemendum hvatning til náms.



## FRÉTTIR

úr  
stjórn-  
kerfi

### Hafnarfjarðar

Fræðsluráð 15. janúar  
199. fundur:

- Lagt fram bréf frá skóla-  
stjóra Lækjarskóla með ósk  
um breytingu á skóladagatali  
skólans fyrir þetta skólaár.  
Samþykkt.
- Lagt fram bréf frá skóla-  
stjóra Hraunvallaskóla með  
ósk um breytingu á skóla-  
dagatali skólans fyrir þetta  
skólaár. Samþykkt.
- Lagt fram bréf frá formanni  
foreldrafélags skólakórs  
Lækjarskóla og skólastjóra  
skólans, þar sem óskað var  
eftir styrk vegna ferðar á  
kóramót í Malmö í Svíþjóð  
dagana 12. - 15. maí nk.  
Afgreiðslu frestað.

## Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

» Frá **Námshagstofnun**: Opnaður hefur verið nýr vefur sem nefnist **Bækur á táknmáli**. Hann kynnir nú 11 bækur frá Námshagstofnun sem eru á táknmáli á vefnum. Vefslóðin er: <http://www.nams.is/taknmalbaekur/index.htm>.



» Frá **Námshagstofnun**: Unnið er að endurskoðun Ritúrarbókanna og gefa þær út í nýrri útgáfu frá næsta hausti. Nýju bækurnar eru með mikið af nýjum verkefnum og myndskreyttar í lit og munu heita þá **Ritrún 1, Ritrún 2 og Ritrún 3**. Þess vegna býður Námshagstofnun bækurnar **Pínulítla ritrún, Litla ritrún og Ritrún** á tilboði utan kvóta á meðan birgðir endast. Þessum bókum er ekki hægt að skila til afgreiðsludeildar.



Myndirnar í blaðinu eru frá öskudeginum í vikunni og eru teknar á Thorsplani.

## Frá Samtökum áhugafólks um skólaþróun



Símenntun

### Að vaxa í starfi:

Félag um starfendarannsóknir og Félag áhugafólks um skólaþróun standa fyrir ráðstefnu um starfendarannsóknir föstudaginn 16. apríl kl. 14:00-17:00. Ráðstefnan verður haldin í Verslunarskóla Íslands. Þar munu kennarar af öllum skólastigum kynna rannsóknir sínar og síðan verða umræður í hópum um starfendarannsóknir.

### Gæði eða geymsla:

Ráðstefna um starfshætti tómsundaheimila (skólagæslu, lengda viðveru, frístundaheimili). Ráðstefnan verður föstudaginn 9. apríl í húsnæði Menntavísindasviðs og stendur frá kl. 10.00-12.00 og 13.00-15.00. Ráðstefnan er haldin í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Íþrótt- og tómsundasvið Reykjavíkurborgar, Samband íslenskra sveitarfélaga og Heimili og skóla.

### Ágústráðstefna Samtakanna:

Hún verður föstudaginn 13. ágúst og er helguð *samvinnunámi*.

### Árspingið í nóvember:

Þema ársþingsins verður *margbreytileiki í skólastarfi*.

Allar ábendingar um áhugaverð efni til að kynna á ráðstefnunni eru vel þagnar.



**VEFSLÓÐ:** <http://www.skolathroun.is>

## Námskeiðahaldið í næstu viku



Námskeið

### Tilkynning vikunnar

Enn eru laus pláss á ýmsum námskeiðum Skólaskrifstofunnar sem ekki eru hafin en verða samt á vorönninni. Skoðið námskeiðshandbókina og munið að skrá ykkur sem fyrst.

Næsta blað  
Skólavefritsins er  
væntanlegt föstudaginn  
26. febrúar 2010

### Mánudagur 22. febrúar:

- Námskeið 302, **Kennslugagnastjóri í Moodle**, kl. 15-17 í Menntasetrinu við Lækinn. 3. tími.
- Námskeið 503, **Jafnréttisfræðsla í skólastarfi grunnskóla**, kl. 15-17 í fyrirlestrarsal Hvaleyrarskóla. 3. tími.

### Miðvikudagur 24. febrúar:

- Námskeið 105, **Skapandi tungumálanám**, kl. 15-16.30 í Menntasetrinu við Lækinn. Enn laus pláss. Fyrri tími.

### Fimmtudagur 25. febrúar:

- Námskeið 605, **Útskurður í flattré**, kl. 16-19 í Menntasetrinu við Lækinn (smíðastofa á skólalóð). 3. tími.

**VEFSLÓÐ:** [http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/stjornsysla/fraedslusvid/skolaskrifstofa/fraedslustarfsemi\\_skolaskrifstofu/](http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/stjornsysla/fraedslusvid/skolaskrifstofa/fraedslustarfsemi_skolaskrifstofu/)